

## Fyrirspurn

til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um fyrirkomulag inntökuprófa.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

- Í hvaða inntökuprófum til háskólanáms er gerð krafa um viðveru allra próftaka á einum ákveðnum próftökustað?
- Hyggst ráðherra leggja til breytingar á fyrirkomulagi inntökuprófa til háskólanáms á þann veg að próftakar sem búa í talsverðri fjarlægð frá hefðbundnum próftökustað geti þreytt inntökupróf í annarri aðstöðu með því að nýta tæknilausnir og aðrar ráðstafanir til að tryggja sömu próftökuskilyrði?
- Ef svo er ekki, hyggst ráðherra leggja til annars konar breytingar til að tryggja jöfn tækifæri til að þreyta inntökupróf til háskólanáms óháð búsetu, t.d. að fjölga próftökustöðum?

Skriflegt svar óskast.